

**SVERRIR THORSTENSEN, LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR,
ÞÓREY KETILSDÓTTIR, MARÍA KETILSDÓTTIR &
SNÆVARR ÖRN GEORGSSON**

FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN Í NAUSTAFLÓA VORIÐ 2014

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFISNEFNDAR AKUREYRAR**



Spóahreiddur við Hundatjörn í Naustaflóa

Ljósm.: Sverrir Thorstensen 29.05.2014


AKUREYRI ÁGÚST 2014

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	2
2	TALNINGARAÐFERÐIR	3
3	VARPFUGLAR	3
4	AÐRIR FUGLAR	7
5	MERKINGAR	7
6	SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR	7
7	LOKAORÐ	8
8	HEIMILDIR	8

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Að beiðni umhverfisnefndar Akureyrar var gerð úttekt á fuglalífi í Naustaflóa vorið 2014 í fimmta sinn frá árinu 2008. Svæðið er um 0,01 km² eða 1 ha (1. mynd). Um fjórðungur svæðisins er undir vatni eða blaut mýri. Syðst er frekar þurr og þar hefur trjágróður aukist verulega á síðustu árum. Markmiðið með talningunum er að fylgjast með framvindu fuglalífs á svæðinu eftir að Hundatjörn og votlendið var endurheimt þegar skurður norður úr svæðinu var stíflaðir sumarið 2007 og stíflugarður var byggður sumarið 2009. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum talninga vorið 2014.



1. mynd. Naustaflói. Rauð lína afmarkar talningarsvæðið. Land undir vatni er skástrikað. Stíflugarður sýndur með svartri línu.

2 TALNINGARAÐFERÐIR

Talningar fóru fram dagana 15., 29. og 30. maí 2014. Sama aðferð var notuð og í fyrri talningum (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008, Sverrir Thorstensen o.fl. 2010). Byrjað var á því að skrá alla fugla sem sást úr fuglaskoðunarskýlinu og þeir merktir inn á kort. Síðan var svæðið gengið skipulega þar sem bil á milli talningarmanna var um fimm metrar. Óðalsbundnir fuglar voru merktir inn á kort og einnig hreiður sem fundust. Þessar upplýsingar voru síðan bornar saman við talninguna úr fuglaskoðunarskýlinu. Fjöldi anda miðast við mesta fjölda steggja í einni talningu. Hettumáfar voru taldir úr skýlinu 15. maí og aftur 29. maí, og var gerður greinarmunur á fuglum á hreiðrum og lausum fuglum. Fjöldi varppara hettumáfa fæst með því að margfalda heildarfjöldann með 0,61 (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993). Mesti fjöldi varppara fékkst við talningu fugla á hreiðrum 15. maí og er sú tala notuð hér.

Einnig fórum við skipulega um skógarsvæðin umhverfis flóann 15. maí og skráðum hreiður og óðalsbundna fugla (sjá bls 7).

Aðstæður til talningar voru góðar alla dagana, léttskýjað og stillt veður.

3 VARPFUGLAR

Alls fundust 11 tegundir varpfugla á svæðinu og er það sami fjöldi og sömu tegundir og í síðustu talningu vorið 2012. Fjöldi varppara var 123 og er það fækkun um 36 pör frá 2012 (sjá 2. töflu). Hreiður og óðul annarra fugla en hettumáfa eru sýnd á 4. mynd.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

Einn steggur sást 15. maí og stakur steggur og eitt par voru á stærri tjörninni 29. maí. Engin hreiður fundust, en eitt úrétið rauðhöfðaegg fannst. Fjöldi varppara var 2.

Urtönd *Anas crecca*

Tveir steggir og eitt par að auki sást 29. maí. Engin hreiður fundust að þessu sinni. Fjöldi varppara var 3.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Einn steggur og eitt par sást 15. maí. Tveir steggir sást á stærri tjörninni 29. maí og þá fannst eitt hreiður með 9 eggjum. Fjöldi varppara var 2.

Rjúpa *Lagopus muta*

Einn karri átti óðal nær syðst á svæðinu og par hélt til rétt norðan við fuglaskoðunarskýlið 15. maí. Báðir karrarnir sást á sömu stöðum 29. maí. Rjúpa með a.m.k. 10 unga sást á göngustígnum sunnarlega austan votlendisins þann 4. júlí. Fjöldi varppara var 2.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Óðalsbundnir hrossagaukar sáust á sjö stöðum og hreiður þriggja þeirra fundust. Eggjafjöldi var: 2, 4, 4 (2. mynd). Hreiðrið með 2 eggjum var afrækt. Fjöldi varppara var 7.



2. mynd. Hrossagaukhreiður í Naustaflóa Ljós.: Sverrir Thorstensen 29.05.2014

Spói *Numenius phaeopus*

Eitt spóapar var á svæðinu og hreiður með 4 eggjum fannst. Fjöldi varppara var 1.

Stelkur *Tringa totanus*

Einn stelkur sást 15. maí og 29. maí voru tvö pör á svæðinu. Ekkert hreiður fannst en eitt úrétið egg fannst 29. maí. Fjöldi varppara var 2.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Fjögur óðalsbundin pör sáust. Hreiður tveggja þeirra fundust (3. mynd). Einnig fundust 4 úrétið jaðrakanegg. Fjöldi varppara var 4.



3. mynd. Jaðrakanhreiður í Naustaflóa

Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 29.05.2014

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Þrjú pör héldu til á stærri tjörninni 29. og 30. maí. Fjöldi varppara var 3.


Hettumáfur *Chroicocephalus ridibundus*

Fjöldi hettumáfa var talinn úr fuglaskoðunarskýlinu 15. maí. Alls voru 25 fuglar á hreiðrum við minni tjörnina og 69 við þá stærri. Fjöldi fugla á hreiðrum var 94. Lausir fuglar voru auk þess 50 alls. Alls voru því 144 hettumáfar á svæðinu þegar talið var 15. maí. Í seinni talningunni 29. maí sóust 89 hettumáfar á hreiðrum og 59 lausir fuglar. Heildarfjöldi í seinni talningu var 148 fuglar. Margföldunarstuðullinn 0,61 gefur 88 pör í fyrri talningunni en 90 pör í þeirri seinni. Gróður var lágvaxinn og fullvíst er að öll hreiður sóust vel í talningunni 15. maí og því er miðað við mesta fjölda fugla á hreiðrum.

Talin voru egg í 55 hreiðrum (59% hreiðra) 29. og 30. maí. Meðaltalið var 2,4 egg (á bilinu 1 til 4). Fyrstu ungar voru að klekjast dagana sem talningar fóru fram sem bendir til þess að fullorpið hafi verið í hreiðrin 15. maí. Fjöldi varppara var 94.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis*

Syngjandi karlfuglar sóust á þremur stöðum. Fjöldi varppara var 3.



4. mynd. Dreifing varpfugla annarra en hettumáfa vorið 2014

4 AÐRIR FUGLAR

Í skógarreitunum við talningarsvæðið er nokkuð þétt varp skógarþrasta og auðnutittlings. Eftirtalin hreiður fundust á u.þ.b. 10 metra breiðu beltí vestan, norðan og austan Naustaflóa:

Auðnutittlingur	4 hreiður
Skógarþröstur	4 hreiður
Hrossagaukur	1 hreiður

Á þessu sama svæði heyrðum við auk þess í glókolti, sólskríkju og steindepli. Á talningarsvæðinu sáust einnig tveir tjaldar (15. maí) og einn hrafn í ætisleit (29. maí).

5 MERKINGAR

Samhliða talningum merktum við alls 49 fugla með merkjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Í samantektinni í 1. töflu eru teknir með þeir fuglar sem voru merktir í skógarreitunum umhverfis talningarsvæðið.

1. tafla. Fuglar merktir vorið 2014

TEGUND	UNGAR	FULLO.	ALLS
Hrossagaukur		3	3
Jaðrakan		1	1
Hettumáfur	33		33
Skógarþröstur	7		7
Auðnutittlingur	5		5
ALLS:	45	4	49

6 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR

Talning nú gefur nánast sömu niðurstöðu og vorið 2012. Öndum hefur fækkað úr níu pörum í sjö, heildarfjöldi vaðfugla er sá sami og rjúpur og þúfutittlingar jafn margir og 2012 (Sverrir Thorstensen o.fl. 2012). Hettumáfum fækkar úr 128 pörum í 94 pör, en fjöldi þeirra nú er þó langt yfir fjölda áranna 2008-2010 (2. tafla). Hettumáfar eru mjög óstöðugir varpfuglar og þeir eru þekktir fyrir að vera ekki fastheldnir á varpstaði og þessi breyting á fjölda þeirra er í takt við það (Ævar Petersen 1998).

2. tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa 2008, 2009, 2010, 2012 og 2014

TEGUND	2008	2009	2010	2012	2014
Grágæs	1	0	0	0	0
Rauðhöfðaönd	3	0	0	2	2
Urtönd	2	2	1	2	3
Stökkönd	4	3	3	5	2
Rjúpa	2	1	0	2	2
Heiðlóa	0	1	0	0	0
Hrossagaukur	~4	7	6	5	7
Jaðrakan	1-2	3	4	5	4
Spói	0	1	1	2	1
Stelkur	2	4	2	1	2
Óðinshani	0	1	1	4	3
Hettumáfur	30	21	48	128	94
Púfutittlingur	2	0	1	3	3
ALLS:	~50	44	67	159	123

7 LOKAORÐ

Tvær síðustu talningar sýna litlar breytingar á fjölda varpfugla við Hundatjörn í Naustaflóa ef hettumáfur er undanskilinn. Svæðið virðist vera að taka á sig endanlega mynd hvað vatnsstöðu varðar, en ljóst er að trjágróður á enn eftir að aukast á svæðinu. Tíminn verður að leiða í ljós hvaða afleiðingar það gæti haft á fuglalíf, en gera má ráð fyrir að sumum vaðfuglum, t.d. jaðrakan og stelk gæti fækkað.

8 HEIMILDIR

Sverrir Thorstensen. Dagbókarfærslur maí-júní 2014.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.

Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir, Kristján Óli Sverrisson og María Ketilsdóttir 2012. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2012. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.

Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir og Þorlákur Snær Helgason 2010. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2010. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.

Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Vaka-Helgafell. Reykjavík. 312 bls.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumáfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13, 45-59